

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 22 1892:

Hið opinbera
gegn
Helga Árnasyni.

D ó m u r :

Með dómi lögreglurjettar Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 13. aprilmán. þ. á., var hinn kærði Helgi Árnason á Hróðurnesi í Leiru dæmdur fyrir brot gegn samþykkt, staðfestri 8. desbrmán. 1890, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, fyrir Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrand-
arhrepp, Garðahrepp, Bessastaðahrepp, Seltjarnarnesshrepp og Reykjavíkurbæ, 1. gr. hennar, í 40 kr. sekt, og skyldi fiskur sá, er hann aflaði með ólöglegum netalögnum sínum, 350 að tölu, upptækur vera, og sektin og andvirði aflans að frádregnum kostnaði renna í fátækra sjóð Rosmhvalanesshrepps. Svo skyldi kærði og greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað. En dómi þessum hefur eftir ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins kærða, sem stundaði fiskiveiðar á opnu skipi á síðastliðinni vetrarvertíð í hjerði því, er ofangreind samþykkt nær yfir, löglega sannað, að hann lagði þrisvar sinnum, eða 22. 23. og 24. marzmánaðar síðastliðins, þorskanet í sjó fyrir fram-
an Leiruna, þrjú net í hvert skipti, og fjekk í þau 350 fiska, sem hann flutti sjálfur í land, ásamt netunum, og saltaði. Með þessum tilverknaði sínum hefur kærði

gjörzt brotlegur gegn 1. grein fyrnefndrar samþykktar 8. des. 1890, er bannar þeim, er stunda fiskiveiðar á opnum skipum í samþykktarumdæminu, að leggja net í sjó fyrir en 7. apríl ár hvert — og getur eigi komið til mála, að samþykktin í þessu efni fari í neinn bága við lög 12. nóvbermán. 1875, um þorskanetalagnir í Faxaflóa —, og virðist sekt sú, er kærði hefur til unnið, samkvæmt 2. gr. samþykktarinnar, hæfilega metin 60 krónur. Yfirdómurinn fellst á ákvæði lögreglurjettardómsins um upptöku aflans, einnig að því leyti er aflinn og sektin er algjörlega látið renna í fátækra sjóð hlutaðeigandi hrepps, þar sem eigi er að ræða um uppljósturs- eða upptökumann, annan en kærða sjálfan, sbr. einnig lög 4. des. 1886 um breytingu á lögum um fiskiveiðasamþykktir 14. des. 1877, svo og á málskostnaðarákvæði dómsins, og ber því að staðfesta hann með framangreindri breytingu á upphæð sektarinnar. Hinum kærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera óraskaður, þó svo, að hin ídæmda sekt sje 60 krónur. Hinum kærða Helga Árnasyni ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirjett-

armálaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 21/1892:

Hið opinbera
gegn
Jóni Ívarssyni.

D ó m u r :

Með dómi lögreglurjettar Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 13. aprílmán. p. á., var hinn kærði, Jón Ívarsson úr Reykjavík, dæmdur fyrir brot gegn samþykkt, staðfestri 8. desbrmán. 1890, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, fyrir Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Garðahrepp, Bessastadahrepp, Seltjarnarnesshrepp og Reykjavíkurbæ, 1. gr. hennar, í 50 kr. sekt., og skyldi fiskur sá, er hann aflaði með ólöglegum netalögnum sínum, um 1200 að tölu, upptækur vera, og sektin og andvirði aflans að frádregnum kostnaði renna í fátækra sjóð Rosmhvalanesshrepps. Svo skyldi kærði og greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað. En dómi þessum hefur eftir ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játning hins kærða, sem stundaði fiskiveiðar á opnu skipi á síðastliðinni vetrarvertíð í hjerði því, er ofangreind samþykkt nær yfir, löglega sannað, að hann lagði fjórum sinnum frá 21. til 28. marzmán. síðastliðins þorskanet í sjó og aflaði í þau um 1200 þorska, sem hann sjálfur flutti í land, ásamt